

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 25. september 2020 í máli nr. 63/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. júní 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi valdið tjóni við framkvæmd þjónustunnar og krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 30. júní 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á greiðslu fyrir þjónustuna, kostnaðarmat vegna áætlaðs kostnaðar við viðgerð á bifreiðinni, staðfesting á greiðslu fyrir skoðun umboðsaðila á bifreiðinni, yfirlit yfir símtöl frá farsíma sóknaraðila til varnaraðila, svo af afrit af skriflegum samskiptum milli starfsmanns Neytendasamtakanna og starfsmanns varnaraðila.

Með bréfi, dags. 8. september 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili keypti þjónustu af varnaraðila sem fólst í geymslu bifreiðar sóknaraðila á meðan sóknaraðili og eiginkona hans voru erlendis frá 5. til 9. október 2019. Sóknaraðili greiddi 6.000 krónur fyrir þjónustuna.

Þegar sóknaraðili sótti bifreiðina þann 9. október 2019 kveðst hann hafa orðið var við skemmd framan á henni. Sóknaraðili lét starfsmann varnaraðila vita af því þann 10. október 2019. Bað starfsmaðurinn sóknaraðila um að láta meta skemmdirnar og áætlaðan viðgerðarkostnað sem sóknaraðili gerði. Þegar niðurstaða lá fyrir hafði sóknaraðili samband við varnaraðila þann 18. október 2019. Taldi starfsmaður varnaraðila að best væri að tryggingar fyrirtækisins myndu greiða fyrir skemmdirnar, sem sóknaraðili samþykkti. Sami starfsmaður varnaraðila sagðist ætla að koma og skoða bifreiðina sjálfur á ákveðnum tíma en mætti síðar ekki. Sóknaraðili kveðst hafa reynt að hafa samband við starfsmann varnaraðila í kjölfarið en ekki hafi náðst samband við hann.

Sóknaraðili hafði samband við Neytendasamtökin sem sendu varnaraðila bréf vegna málsins. Svar barst frá varnaraðila þann 19. febrúar 2020 þar sem hann kvaðst vera að bíða eftir rukkun vegna sjálfsábyrgðar á bifreiðinni og lýsti því yfir að hann vildi klára málið með sóknaraðila. Kom þá í ljós að varnaraðili hafði í huga að afgreiða málið í gegnum váttryggingar sóknaraðila sem sóknaraðili samþykkti ekki.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að bæta það tjón sem varð á bifreiðinni, að fullu á kostnað varnaraðila, sbr. 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.).

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili og varnaraðili gerðu samning um þjónustu varnaraðila við geymslu á bifreið sóknaraðila. Var því um þjónustu að ræða sem fellur undir gildissvið laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Sóknaraðili krefst skaðabóta vegna þess fjárhagslega tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þjónustunnar. Hefur sóknaraðili lagt fram mat á áætluðum viðgerðarkostnaði frá umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi. Samkvæmt kostnaðarmatinu voru til staðar skemmdir á undirvagni bifreiðarinnar, hjólabiti var boginn og hlífar undir mótör voru brotnar. Viðgerðarkostnaður vegna skemmdanna var metinn alls að fjárhæð 470.082 krónur.

Tjón bifreiðarinnar er nokkuð að umfangi, staðsett undir fremri stuðara bifreiðarinnar og vel sýnilegt með berum augum. Í gögnum málsins er að finna tölvupóst frá starfsmanni varnaraðila þar sem fram kemur að ekki sé hafið yfir allan vafa að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni í vörslum varnaraðila. Hins vegar standi vilji varnaraðila til þess að klára málið með hagsmuni sóknaraðila að leiðarljósi. Fyrir liggur að varnaraðili hefur fallist á greiðslu sjálfsábyrgðar vegna tjónsins. Í samskiptum við starfsmann Neytendasamtakanna hefur varnaraðili ekki neitað því að tjón hafi orðið á bifreiðinni þegar hún var í vörslum varnaraðila. Sóknaraðili hefur borið því við að tjónið hafi ekki verið til staðar þegar bifreiðin var afhent varnaraðila en varnaraðili hefur ekki sent kærunefndinni andsvör í málinu. Með hliðsjón af öllum málsatvikum telur kærunefndin sannað að bifreið sóknaraðila hafi orðið fyrir tjóni í vörslum varnaraðila.

Þegar tjón verður á eignum neytanda í tengslum við framkvæmd þjónustu verður að líta til 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.). Samkvæmt ákvæðinu ber seljanda þjónustu að bæta það tjón sem verður á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það, svo og þegar skemmdir verða á hlut sem afhentur er seljanda þjónustunnar, nema seljandi sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.

Fyrir liggur kostnaðarmat frá umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi vegna áætlaðs kostnaðar við að bæta úr því tjóni sem varð á bifreiðinni í vörslum varnaraðila. Viðgerðarkostnaður vegna tjónsins er áætlaður að fjárhæð 470.082 krónur

og svarar til þess fjárhagslega tjóns sem sóknaraðili hefur orðið fyrir. Verður því að fallast á kröfu sóknaraðila um að varnaraðila beri að greiða viðgerðarkostnað vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 470.082 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson